

# Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

Erum einnig á [visir.is](http://visir.is)

APRÍL 2022



4. tbl. 25. árg.

**OPIÐ**  
**8-24**  
**ALLA DAGA**  
**Á EIDISTORGI**  
**HAGKAUP**  
*Skemmtilegast að versla*



## Hagaskóli verður stækkaður

Ákveðið er að stækka Hagaskóla samhlíða endurnýjun á húsnæði skólans. Hagaskóli er einn fjölmennasti skóli borgarinnar með yfir 600 nemendur. Vegna mygluskemmda hefur hluti af húsnæði skólans ekki verið í notkun að undanförunu og nemendum kennt á öðrum stöðum – einkum í húsnæði við Ármúla. Nú er ætlunin að rífa tvær álmur við skólann og endurbyggja hluta hans. Áætlaður framkvæmdatími er þrjú ár og á meðan verður einkum notast við húsnæði við Ármúla. Sjá viðtal við Skúla Helgason formann skóla- og frístundaráðs á bls. 8.

- bls. 4-5  
Viðtal við  
Jan Davidson  
fatahönnuð



## Betri laun



VIRTUS

Bókhald | Laun | Ráðgjöf  
[virtus.is](http://virtus.is)

## Velkomin á Grandann

Nú sækjum við og skilum bílum



AFGREIÐSLUTIMI  
mán. – fös. kl. 8–16:30



Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • [www.frumherji.is](http://www.frumherji.is)



## Fáðu lyfin send heim FRÍTT

FAGLEG RÁÐGJÖF • LYF • SNYRTIVÖRUR • HEILSU- & NÁTTÚRUVÖRUR

REYKJAVÍKUR  APÓTEK  
Héðinshúsinu Seljavegi 2

Persónuleg ráðgjöf lyfjafræðings  
Hagstætt verð



**Melabúðin**  
VERSLUN SÆLKERANS



*Hallo  
sumar*



# Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími: 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Póstdreifing ehf.

4. tbl. 25. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósnúmerum 107, 102 og 101.

## Átak í skólamállum

Reykjavíkurborg hyggur á átak í skólamállum á næstu árum. Umtalsverður hluti þess snýr að Vesturbænum. Þar er um að ræða endurbyggingu Hagaskóla þar sem húsnæði er illa farið. Einnig þarfnast Melaskóli margvíslegra endurbóta.

Hagaskóli er kominn á sjötugsaldur og því eðlilegt að viðhalds sé þörf. Við það bætist að umtalsverðar rakaskemmdir hafa fundist í húsnæðinu. Hagstætt þykir að rífa verst förnu hluta byggingarinnar og endurbyggja. Þar kemur einnig til að stækka verður húsnæði skólans vegna fyrrsýjanlegrar fjölgunar nemenda.

Þótt Melaskóli sé glæsibygging og reist af stórhug á fimmta áratug liðinnar aldar verður að huga að því að hún er barn síns tíma. Skólastarf hefur breyst mikið á þeim tæpu átta áratugum sem kennsla hefur farið þar fram. Komnar eru kröfur um stórbætt aðgengi og aðstöðu fyrir mun fjölbreyttara skólastarf en var þegar skólinn var reistur. Við því þarf að bregðast.

Fólki er að fjölga í Vesturbænum. Með nýju hverfi í Skerjafirði skapast þarfir fyrir meira rými í grunn- og leikskólum. Á sama hátt og tekist verður á við húsnæðismál grunnskólanna eru fyrirhugaðar miklar breytingar á leikskólasviðinu. Gert er ráð fyrir að skapa 300 ný leikskólaláss á næstu árum. Er það í samræmi við vaxandi byggð, fjölgun íbúa og lægri aldurstakmörk inn í leikskólann.

**HÚSAVIÐGERÐIR.IS**

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband  
Við skoðum og gerum tilboð!

[www.husavidgerdir.is/hafa-samband](http://www.husavidgerdir.is/hafa-samband)  
[info@husavidgerdir.is](mailto:info@husavidgerdir.is) - Sími 565-7070

Finndu okkur á  
Facebook

Ef ekkert gerist í Vesturbugt

# Vill Dagur að borgin leysi lóðina til sín



Vesturbugt er hið hlið Slippisins. Beðið hefur verið eftir framkvæmdum í fjögur ár en ekkert gerist.

Ekkert bólar á framkvæmdum á lóðinni við Vesturbugt. Töluvert hefur verið fjallað um fyrirhugaða uppbyggingu á reitnum í fréttum undanfarnin ár. Snemma á árinu 2018 keypti Kaldalón sig inn í félag sem heitir Vesturbugt og þar með að þessu verkefni. Í fréttum kom þá fram að framkvæmdir gætu hafist síðar á því ári. Tveimur árum síðar kom fram í fréttum bæði Morgunblaðsins og Stöðvar 2 að farið væri að stytast í framkvæmdir. Búið væri að breyta skipulagi og fjölga íbúðunum á reitnum. Þá var gert ráð fyrir að framkvæmdir hæfust innan tíðar, búast mætti við fyrstu íbúðunum á markað um mitt árið 2023. Þetta hefur ekki gengið eftir.

Þetta kom til umræðu á opnum fundi um húsnæðismál sem Reykjavíkurborg stóð fyrir

á dögunum. Þar sagði Dagur B. Eggertsson borgarstjóri að ef þeir aðilar sem standa að fyrirhugaðri uppbyggingu við Vesturbugt færu ekki að hefja framkvæmdir færi borgin að leysa lóðina til sín aftur. Dagur sagði að þetta lægi inni í félagi sem heitir Kaldalón. Forsvarsmenn þeirra segjast alltaf vera að fara af stað og borgin er að gera smá breytingar og annað slíkt. „Þetta verður að fara af stað. Annars förum við að leysa þessa lóð til okkar aftur. Það verður bara að vera þannig. Við viljum að sú húsnæðisuppbygging sem er í pípunum og fólk tekur mið af í sínum áætlunum gangi eftir,“ sagði borgarstjóri í erindi sínu á árlegum fundi um húsnæðisuppbyggingu í Reykjavíkurborg.

## Of Monsters and Men kaupa við Fiskislóð

Hljómsveitin Of Monsters and Men hefur fest kaup á húsnæði við Fiskislóð 45 í Örfirisey. Ætlunin er að nýta það fyrir hljóðver þar sem meðlimir sveitarinnar geta unnið að tónlistarsköpun sinni. Of Monsters and Men er íslensk hljómsveit sem spilar þjóðlagapopp og hefur getið sér gott orð erlendis á undanförunum árum.

Árið 2010 vann bandið Músíktilraunir, sem er árleg keppni hljómsveita á Íslandi. Meðlimir hljómsveitarinnar eru Nanna Bryndís Hilmarsdóttir, Ragnar Þórhallsson, Brynjar Leifsson, Arnar Rósenkranz Hilmarsson og Páll Kristjánsson.

Þau telja að húsnæðið við Fiskislóð henti vel fyrir starfsemi sína en þar voru áður höfuðstöðvar sænska klæðskerakónsins Jan Davidson sem starfað hefur hér á landi í nær hálfa öld og haft afgerandi áhrif á sköpun og framleiðslu á fatnaði. Jan er að draga saman starfsemi sína hér á landi og selja bæði lager og eignir. Rætt er við Jan á bls. 4 hér í blaðinu í tilefni af



Of Monsters and Men.

vistaskiptum hans en hann hyggur á það að flytjast til Svíþjóðar þaðan sem hann kom á sínum tíma auk þess sem hann er tengdur starfsemi í Kazakhstan í Mið Asíu. Með tilkomu Of Monsters

and Men á Fiskislóðina mun starfsemin færast úr hönnun og framleiðslu á fatnaði yfir í tónlist en verður engu að síður á alþjóðlegum vettvangi.



# Fólkið fyrst

## í betri Vesturbæ!

Forgangsröðum fjármunum borgarinnar til að stórbæta þjónustu og velferð fólks.

- Tryggjum að engin börn í Reykjavík þurfi að bíða eftir þjónustu fagfólks. Bið getur kostað líf.
- Tryggjum að öll börn fái aðgengi að tómstundastarfi og íþróttum, óháð efnahagsstöðu foreldra. Skiljum engan út undan.
- Stóraukum framboð á lóðum. Það er grafalvarlegt að húsaleiga nemi allt að 70% af ráðstöfunartekjum fólks.
- Gerum eldra fólki kleift að búa sem lengst heima. Tryggjum viðeigandi heimaþjónustu.
- Höfum frítt í strætó fyrir tekjuminni, öryrkja og 67 ára og eldri. Mætum mismunandi samgönguþörfum borgarbúa.



Rúnar Sigurjónsson

Vélsmiður, 5. sæti

Einar S. Guðmundsson

Kerfisfræðingur, 3. sæti

Kolbrún Baldursdóttir

Borgarfulltrúi og sálfræðingur, 1. sæti

Helga Þórðardóttir

Varaþingmaður og kennari við Barnaspítala Hringins, 2. sæti

Natalie G. Gunnarsdóttir

Stuðningsfulltrúi og háskólanemi, 4. sæti



Á Íslandi í hálföld

# Og höfundur að stærstu fatamerkjum

- Viðtal við Jan Davidson fatahönnuð

**H**ann er sænskur. Kom hingað fyrir um hálfri öld og hefur verið búsettur hér á landi að miklu leyti síðan. Margir þekkja til hans og hafa starfað með honum. Hann er fatahönnuður og er meðal annars höfundur að stærstu fatamerkjum sem hafa orðið til hér á landi. Bæði fatnaður 66° Norður og Cintamani eru vaxin úr hans smíðju auk Don Cano og annars. Nú er hann að selja eigur sínar hér á landi. Hann stefnir á Svíþjóð en er einnig með rætur og tengist starfsemi í Kasakstan þaðan sem síðari eiginkona hans er ættuð. Hann heitir Jan Davidson og settist niður með Vesturbæjarblaðinu á Te og Kaffi í Borgartúninu á dögnum.

Jan er sportlegur í útliti. Klæddur Don Cano jakka og þegar hann hafði fengið Cappuccino barst talið að því hvaðan hann hafi komið. Hann kveðst hafa komið frá Noregi þar sem hann hafði starfað um tíma en í raun hafi hann komið frá fæðingarlandi sínu Svíþjóð. Hann hafði verið að starfa fyrir sænskt fyrirtæki sem var í samstarfi við fyrirtæki í Noregi. Hann var á leið til London til að taka við starfsemi fyrirtækisins þar en hann var með bakgrunn þaðan frá Savile Row í Mayfair í miðborg Lundúna sem er meðal annars þekkt fyrir hefðbundna sérsniðna karlmannatísku. „Áætlanirnar breyttust. Ég var búinn að starfa í textíl og við hönnun. Eftir að ég kom fór ég fyrst að starfa fyrir Samband íslenskra samvinnufélaga. Þar vann ég meðal annars með manni sem hét Sigtryggur Hallgrímsson og var verslunar- og framkvæmdastjóri fata verksmiðjunnar Gefjunar. Ég var að vinna í Reykjavík en fór einnig mikið til Akureyrar. Þar var Gefjun með starfsemi og stór

hluti af textíliðnaði Sambandsins var þar. Á Akureyri kynntist ég ágætum manni. Hann hét Hjörtur Eiríksson og stýrði verksmiðjum Sambandsins og einnig öðru ágætu fólki sem starfaði þar. Svo tók Folda við og starfaði þar til hún varð gjaldþrota í desember 1998. Þar fór fram fatahönnun og framleiðsla. Hermann Sigursteinson stýrði starfinu þar. Annar eftirminnilegur maður sem ég kynntist var Björn Guðmundsson. Björn hafði numið klæðskeraíðni en síðan haldið vestur um haf til að læra fjöldaframleiðslu á fötum. Björn starfaði hjá Gefjun eftir heimkomuna, varð síðar hluthafi í Andersen og Lauth og stofnaði Sportver og Herrahúsið ásamt fleirum. Hann var að framleiða sportfatnað undir Lee Coper merkinu og svo Kórónafötin sem voru vel þekkt hér á landi á þeim tíma.“

**Með Gulla Bergman og Colin Porter**

Jan kom síðan að Karnabæ sem margir telja að valdið hafi

ákveðinni byltingu í fataframleiðslu og klæðaburði íslenskra karlmannna. „Já, já – ég starfaði með Gulla Bergmann og Colin Porter. Ég setti upp verksmiðju fyrir Karnabæ þar sem Bandido gallabuxur voru framleiddar. Við Gulli þekktumst vel og hittumst oft bæði hér heima og einnig í London. Borðuðum oft saman í Swiss Center. Swiss Center var vinsæll ferðamannastaður á jaðri Coventry Street rétt við Leicester Square sem margir Íslendingar þekkja. Stór bygging sem var bæði sýningargluggi fyrir Swiss og einnig svissneskar vörur. Þarna voru kaffihús og nokkrir veitingastaði með svissnesku þema í kjallaranum. Þangað sem við fórum oft. Þetta var skemmtilegur tími. Það var margt að gerast. Svo má bæta því við að ég kynntist íslensku konu og við stofnuðum heimili hér á landi. Við eignuðumst tvö börn og ég á þrjú barnabörn. Þrjú stráka. Ég lét því fleira eftir mig hér en fatnað.“

**Don Cano varð vinsælt en við fórum of hratt**

Jan mætti sem áður segir í glæsilegum jakka. Hann sýndi tíðindamanni mynd innan á hægri boðungu jakkans. Mynd eftir Halldór Baldursson myndlistarmann sem meðal annars teiknar skopmyndir fyrir Fréttablaðið að staðaldri. Á hinni hliðinni var ljóð eftir Jan. „Halldór teiknaði myndina í tilefni af ljóðinu. Þar fann hann myndefnið,“ segir Jan stoltur. Sögu Don Cano má rekja til þess að Jan fór í samstarf við Karl Magnússon sem rak Bláfeld lítið framleiðslufyrirtæki



Jan Davidson – sportlegur og íhugull.



Jan og Larissa eiginkona hans stódd í heimalandi hennar Kazakstan.



## Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

[www.grantthornton.is](http://www.grantthornton.is)

**RECARO**  
Barnabílstólar í úrvali



**BÍLASMIÐURINN HF**

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - [www.bilasmidurinn.is](http://www.bilasmidurinn.is)





í Kazakhstan.

í Reykjavík. Það tók þá aðeins um nokkrar vikur að hanna og koma nýjum útvistarfatnaði á framfæri. „Don Cano fatnaðurinn varð vinsæll. Varð eins konar heimilis vörumerki á um tveimur árum. Þetta óx mjög hratt hjá okkur. Alltof hratt og við Karl náðum ekki að hafa næga stjórn á ástandinu. Kostnaður var mikill og ýmsir viðskiptasamningar

voru ekki nægilega hagstæðir til þess að reksturinn stæði undir sér til lengri tíma. Markaður fyrir útvistarfatnað var líka of lítill hér á landi á þeim tíma.“

### 66° og Cintamani

Jan var þó ekki af baki dottinn. Hafði ákveðið að gefast ekki upp enda uppgjöf eitthvað sem

hann hefur aldrei þekkt. Hann var að vinna fyrir 66° norður og stofnaði einnig fyrirtækið Cintamani nokkrum árum síðar. Fékk til liðs við sig stráka sem höfðu unnið fyrir Foldu á Akureyri. Árið 2012 fékk Jan ISPO verðlaunin fyrir besta útvistarjakkann. Hann hafði þó ekki gefið Don Cano upp á bátinn. Hann tók þráðinn upp aftur. Á síðustu fjórum árum hefur hann verið að hanna og sauma nýja kynslóð af DON CANO flikum sem nú eru fánlegar í Nordoc Store verslunum og Álafossi á Laugavegi 3 til 5.

### Til Kazakhstan

Og hann er einnig með framleiðslu í Miðasiúlýðveldinu Kazakhstan sem er niunda stærsta land í heiminum með um 15 milljónir íbúa. Landið nær yfir mikinn hluta Mið-Asíu. Á landamæri að Kína, Kirgistan, Rússland, Túrkménistan og Úsbekistan. Hluti þess er vestan Úralfljóts og telst til Evrópu. Kasakstan var áður Sovétlýðveldi en er nú aðili að SSR. Hvað kemur til. Jan segir að gamall samstarfsmaður hafi haft samband við sig. Hann heitir Heikki Matilla og er frá Finnlandi eins og nafnið bendir til. „Hann er doktor í fatahönnun og við unnum saman fyrir 55 árum. Hann er ekkert unglamb fremur en ég. 74 ára gamall en í fullu fjöri. Við erum það báðir. Hann spurði hvort ég vildi koma með sér til Kasakstan. Ég sló til og nú er ég með framleiðslu þar. Og ekki nóg með það.

Ég er aftur giftur. Konu frá þessu stóra og fallega landi. Nei – við erum ekki að fara að búa þar, þótt ég sé með starfsemi í landinu. Ég er búinn að selja starfsemi mína hér á landi og húseignina við Fiskislóð. Ég hef verið hér

að mestu leyti í hálfa öld. Hef kunnað vel við mig en það eru bæði plúsar og mínusar við að vera útlendingur. Ég stefni á að flytjast til Svíþjóðar. Allavega að einhverju leyti. Kannski er flökku-eðli í mér.”



Sérhæfð lögfræðipjónusta með áherslu á 60+

Ráðgjöf varðandi húsnæðisskipti, erfðaskrá, kaupmála eða dánarbúskipti. Lögmaður þér við hlið við sölu fasteignar án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu.

BÚUM VEL veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.

Elin Sigrún Jónsdóttir, lögmaður | Tryggvagötu 11, 2. hæð  
Sími 783 8600 | elin@buumvel.is | www.buumvel.is


# Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun.

Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.

- » Þarf stærri heimtaug?
- » Hvaða lausn hentar best?
- » Er kerfið búið álagasstýringu?
- » Sjálfvirk greiðslu- og innheimtukerfi?



EIGNAumsjón

20 ára

thjonusta@eignaumsjon.is | eignaumsjon.is



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufari

## AS WE GROW

Umhverfisvæn íslensk hönnun



WWW.ASWEKGROW.IS  
GARÐASTRÆTI 2 REYKJAVÍK



# Skúlagata 4 gerð upp

- ráðuneyti á flakk á meðan



Skúlagata 4.

Gert er ráð fyrir ýmiskonar tilfærslu í húsnæðismálum stjórnarráðsins á næstunni. Starfsemi ráðuneyta sem eru í gamla Fiskifélagshúsinu við Skúlagötu 4 verður flutt annað. Matvælaráðuneytið flytur tímabundið í húsnæði við Borgartún 26 og gert er ráð fyrir að menningar- og viðskiptaráðuneyti flytji í Sölvhólsgötu 7, þar sem dómsmálaráðuneytið er nú til húsa en gert er ráð fyrir að það flytji í Borgartún 26. Ýmsar fleiri tilfæringar eru fyrirhugaðar á næstunni.

Viðamiklar endurbætur hafa staðið yfir við Skúlagötu 4 og verður þeim haldið áfram. Húsið við Skúlagötu 4 er sex hæðir en þar var Ríkisútvarpið til húsa í mörg ár. Í byrjun árs var ákveðið að fjórða, fimmta og sjötta hæð hússins yrðu endurnýjaðar samhliða framkvæmdum á 2. og 3. hæð. Áætlað er að útboð framkvæmda verði á vormánuðum. Tvö ráðuneyti hafa verið í húsnæði við Skógarhlíð en þar hafa raxkemmdir og mygla komi upp og valdið því að húsnæðið er ónothæft án lagfæringar. Gert er ráð fyrir að ráðuneytin fái framtíðaraðstöðu við Skúlagötu 4 þegar viðgerðum á því húsi verður lokið. Áður hefur verið greint frá áhuga hins opinbera á kaupum á norðurhluta hins nýja Landsbankahúss sem er í byggingu við Austurbakka.

Skúlagata 4 var reist árið 1961 teiknað af Halldóri H. Jónssyni. Ríkissjóður Íslands var upphaflegur eigandi og húsið átti að vera þrjár hæðir og sérbyggt fyrir fiskirannsóknstofur Háskóla Íslands. Áður en bygging þess hófst var húsið hækkað um þrjár hæðir og ákveðið að Ríkisútvarpið fengi þar inni.

## Miðborgarleiksskóli og fjölskyldumiðstöð

# Framkvæmdir hefjast í sumar



Þannig mun leikskólasvæðið lita út að framkvæmdum loknum. Mynd Bsalt aritektar.

Borgarráð hefur samþykkt að nýr Miðborgarleiksskóli og fjölskyldumiðstöð fari í útboð og að framkvæmdir geti hafist í júní. Svæðið er á Njálsgöturóló eða Njálsgötu 89 og stefnt er að því að byggingin og leiksvæðið verði fullbúið í lok árs 2023.

Um er að ræða leikskóla fyrir allt að 116 börn á aldrinum eins árs til sex ára en núverandi starfsemi skólans er við Njálsgötu, Lindargötu og Barónsstíg. En með nýbyggingunni verður starfsemi breytt og leikskólarnir Lindarborg og Njálsgötu lagðir niður en áframhaldandi starfsemi verður á Barónsborg.

Fjölskyldumiðstöð og opinn leikskóli verður í byggingunni. Meginmarkmið fjölskyldumiðstöðvar-

innar er að skapa góða aðstöðu fyrir foreldra ungra barna til þess að læra hvert af öðru og fagfólki um ýmislegt sem tengist þroska barna þeirra eins og umönnun, tilfinningatengsl, uppeldi, hreyfingu og málþroska um leið og boðið er upp á sértæk úrræði og snemmtæka íhlutun fyrir fjölskyldur í viðkvæmri stöðu. Farið verður í algera endurnýjun á svæðinu og leiksvæði útbúið fyrir börnin sem einnig er ætlað almenningi þegar leikskólaskólastarfið er ekki í gangi. Fyrirhugað er að halda opinn kynningarfund eftir páska í lok apríl. Stefnt er að því að byggingin og leiksvæðið verði fullbúið í lok árs 2023 að því er segir í tilkynningu frá Reykjavíkurborg.

# Farið að endurbæta eftir vatnstjónið í Háskóla Íslands

Ráðist hefur verið í endurbætur á rýmum Háskóla Íslands sem urðu fyrir tjóni í byrjun síðasta árs, þegar yfir tvö þúsund tonn af vatni fossuðu inn í byggingar skólans. Ekki hefur verið ráðist í endurbæturnar fyrr en nú vegna biðar á matsskýrslu um tjónið.

Ákvörðun hefur verið tekin um að hefja framkvæmdir eftir því sem hægt er þrátt fyrir að niðurstaða sé enn ekki komin í málið. Hafnar eru framkvæmdir á tveimur stofum á Háskólatorgi og eru þær langt komnar. Verið er að undirbúa frekari framkvæmdir á Háskólatorgi og í Gimli og stefnt er að því að geta hafið kennslu í þessum rýmum á næsta hausti. Hluti af framkvæmdunum er



Frá Háskólatorgi.

útboðsskylt, eins og niðurrif og uppbygging. Verið er að undirbúa útboðsgögn til að hægt verði að bjóða framkvæmdirnar út.



Netverslun:  
systrasamlagid.is

ALLIR ÚT AÐ HJÓLA

MEÐ TUDOR

Eitt mesta úrval landsins  
af rafgeymum í allar  
gerðir farartækja



Traust og fagleg þjónusta • NYTT: Vefverslun [www.skorri.is](http://www.skorri.is)

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

TUDOR

Bildshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

# Hús flutt af Laugavegi til Keflavíkur

Eldra hús sem varð óíbúðarhæft vegna rottumítla árið 2017 hefur verið flutt af Laugavegi til Keflavíkur. Húsið er friðað og því stóð núverandi eigendum ekki annað til boða en að flytja það í heild sinni.

Ráðist var í endurbætur á húsinu eftir að þáverandi leigjendur urðu varir við einkennileg hljóð og við nánari athugun kom í ljós að rottur héldu til í lögnum þess og báru með sér rottumítla. Núverandi eigendur festu kaup á húsinu á síðasta ári með það fyrir augum að byggja upp á reitnum þar sem það stóð. Þeir fengu Minjastofnun í lið með sér og síðan leyfi fyrir að flytja húsið burt. Til stendur að lagfæra húsið á hinum nýja stað í Keflavík. Gert er ráð fyrir að ný bygging muni rísa á reitnum sem falli mun betur að götumynd við Laugaveg en gamla húsið gerði.



Gamla húsið sem flutt hefur verið af Laugavegi var illa farið og féll illa að götumynd en var engu að síður friðað. Nú hefur því verið fundinn annar staður þar sem ætlunin er að geta það upp. Ný bygging mun síðan rísa við Laugavegin.



# Sumarið er í næsta nágrenni... ...og Nesdekk líka!

Réttu dekkinn draga fram bestu  
eiginleika bílsins og veita  
hámarks öryggi.

Fáðu ráðleggingar fagmanna  
við val á réttum dekkjum.



**Bókaðu tíma fyrir bílinn þinn  
og skoðaðu dekkjaúrvalið á nesdekk.is**



## Kraftur í byggingu félagslegs húsnæðis



Húsnæði Búseta við Keilugranda í Vesturbæ Reykjavíkur.

Óhagnaðardrifin íbúðafélög geta byggt um tvö þúsund íbúðir. Um er að ræða Bjarg, Búseta, Félagshúsið og Félagshúsið stúdenta. Lóðaúthlutunaráætlun Reykjavíkurborgar til óhagnaðardrifinna íbúðafélaga á næstu tíu árum þýðir áframhaldandi stórfellda uppbyggingu félagslegs húsnæðis í borginni.

Á tveimur næstu árum verður lokið við að uppfylla viljayfirlýsingu við Bjarg, íbúðafélag verkalýðshreyfingarinnar frá 12. mars 2016 um 1.000 íbúðir í Reykjavík. Bjarg hyggst byggja um 100 íbúðir í Reykjavík á ári eftir það til að mæta þörf sinna félaga. Reykjavíkurborg hefur þegar veitt Bjargi lóðarvilyrði fyrir um 210 íbúðir á fjórum lóðum sem fara í byggingu á næstu misserum. Borgarráð hefur samþykkt lóðarvilyrði fyrir um 70 íbúðir á tveimur lóðum til Búseta sem gert er ráð fyrir að verði úthlutað á árunum 2023 til 2024. Félagshúsið hafa á undanförunum árum byggt talsvert af íbúðakjörnum fyrir fatlað fólk. Auk þess hafa Félagshúsið fest kaup á íbúðum til útleigu. Borgarráð samþykkt lóðarvilyrði fyrir allt að 24 íbúðir á tveimur lóðum. Gert er ráð fyrir að þeim verði úthlutað á næsta ári. Félagshúsið stúdenta hefur byggt fjölda stúdentaíbúða á Háskólasvæðinu en einnig í Brautarholti, Fossvogi og við Lindargötu. Samþykkt var lóðarvilyrði fyrir allt að 12 íbúðir við Vatnsstíg auk bygginga við Arnarbakka í Breiðholti.

## Átak í viðhaldi og endurbótum á skólahúsnæði

# Hagaskóli og Melaskóli í forgangshóp

„Við erum að fara í mikið átak í viðhaldi og endurbótum á skólahúsnæði í borginni og munum setja metfjárhæð í þau mál á bilinu 25 til 30 milljarða á næstu fimm til sjö árum. Því til viðbótar verður farið í að stækka húsnæði skóla þar sem þörf fyrir viðbótarhúsnæði er hvað mest. Það sem hæst ber þessa dagana er að ákveðið hefur verið að fara í gagngerar endurbætur á húsnæði Hagaskóla. Hagaskóli er einn fjölmennasti skóli borgarinnar með yfir 600 nemendur í þremur árgöngum. Þá er ljóst að þeim mun fjölga verulega á næstu árum og stefnir í að nemendafjöldinn fari yfir 700. Fyrir síðustu áramót greindust rakaskemmdir og mygla í stórum hluta af húsnæði skólans. Bæði í aðalbyggingu og einnig vesturálmum. Viðgerðir standa yfir í aðalbyggingunni en við viljum nota tækifærið og stækka skólann og gera húsnæðið allt miklu betur úr garði til að hýsa nútíma unglingaskóla í fremstu röð. Nýr Hagaskóli mun stækka um tæplega helming, verður 7200 fermetrum í stað 5000 fermetra í dag og gert er ráð fyrir að ný viðbygging á tveimur hæðum komi í staðinn fyrir tvær álmur sem í dag eru á einni hæð,“ segir Skúli Helgason formaður skóla og frístundaráðs í spjalli við Vesturbæjarblaðið.

Skúli segir að um stórt verkefni sé að ræða. Kostnaður við framkvæmdina sé áætlaður 4.600 milljónir króna. Þar af sé kostnaður við endurgerð aðalbyggingar áætlaður 1.200 milljónir. Skúli bendir á að Hagaskóli hafi verið reistur á árunum 1957 til 1962. Því sé ekki óeðlilegt að húsið hafi verið komið á það stig að þörf væri verulegra endurbóta. Hann segir að framkvæmdum við aðalbygginguna miði vel og gert sé ráð fyrir að endurnýjun hennar ljúki að fullu sumarið 2023 en framkvæmdatími nýbygginga verði um þrjú ár.

## Kennt í Ármúlanun hentugt húsnæði var ekki í Vesturbænum

En hvernig verður skólastarfinu háttað á meðan á framkvæmdum stendur? „Við gerum ráð fyrir að elsti árgangurinn, 10. bekkur, verði í Hagaskóla og útskrifist þaðan næsta vetur en kennsla fyrir nemendur í 8. og 9. bekk fari fram í Ármúla 28 til 30 frá og með haustinu færast síðan í endurgerð rými aðalbyggingar og færanlegar kennslustofur sem komið verði fyrir á lóðinni, þegar það húsnæði verður tilbúið. Húsnæðið í Ármúla hefur verið nýtt undanfarna mánuði fyrir Hagaskóla og verður til reiðu næsta skólaár eins og með þarf. Það var leitað dyrum og dyngjum að hentugu húsnæði í hverfinu en því miður hefur ekki fundist þar enn sem komið er nægilega góður kostur sem hæfir þessari mikilvægu starfsemi. Við munum bjóða öllum nemendum sem verða í Ármúla upp á skólaakstur til og frá Hagaskóla. Ég vil nota tækifærið og þakka nemendum, foreldrum og starfsfólki þann skilning og þolinmæði sem þau hafa sýnt við þessar aðstæður sem auðvitað eru ekki skemmtilegar en sem betur fer fáum við miklu betra skólahúsnæði fyrir vikið. Við gerum svo ráð fyrir að öll kennsla muni flytjast yfir á Hagaskólalóðina þegar líður á næsta skólaár, vonandi strax um áramótin.“

## Fleiri en 20 verkefnum raðað í forgangsröð

„En það er ekki bara horft til Hagaskóla þegar kemur að gagngerum endurbótum á skólahúsnæði í Vesturbænum,“ heldur Skúli áfram. „Við vorum að kynna niðurstöður mikilvægrar vinnu við að forgangsraða viðbyggingarframkvæmdum vegna skólamannvirkja í borginni. Þessi vinna var nauðsynleg því það hafa verið í umræðunni yfir 20 verkefni og ljóst að ekki væri hægt að ráðast í þau öll í einu. Forgangsröðun var því nauðsynleg og ég tók þátt í þeirri vinnu í stýrihópi þriggja borgarfulltrúa ásamt Pawel Bartoszek og Erni Þórðarsyni auk sérfræðinga borgarinnar. Verkefnum sé raðað í forgangsröð eftir því hversu brýnar framkvæmdir eru taldar vera. Þarna var tekið til skoðunar ástand bygginga og hversu vel þær þjóna því starfi sem fram fer en einnig tekið mið af nemendaspám til lengri tíma. Aldur og ásýnd húsnæðis skipta miklu og einnig aðgengismál sem víða þurfi að bæta einkum þar sem um eldri byggingar sé að ræða. Þá er líka horft til samþættingar skóla- og frístundastarfs, þar sem stefnan er sú að frístundastarfið geti farið fram í skólahúsnæðinu sjálfu þannig að börn þurfi ekki að fara á milli húsa þegar grunnskóladeginum lýkur og frístundin tekur við.“

## Skólarnir í Vesturbænum efst forgangsröðinni

„Niðurstaða stýrihópsins um forgangsröðun viðbygginga var sú að skólarnir í Vesturbænum:



Skúli Helgason formaður skóla- og frístundaráðs.

Hagaskóli og Melaskóli röðuðust í efstu sæti forgangslistans ásamt þremur skólum í Laugardal: Laugarnesskóla, Langholtsskóla og Laugalækjarskóla og loks Réttarholtsskóla. Þessir sex skólar raðast í fyrsta forgang. Grunnskólar í miðborg og austurhluta borgarinnar koma þar á eftir og raðast í annan forgang varðandi þörf á viðbyggingum. „Skúli bendir á að þótt Melaskóli sé sannarlega merkileg bygging út frá arkitektúr og byggingarsögu þá sé hún barn síns tíma og mæti ekki sem skyldi nútímakröfum sem við gerum til húsnæðis fyrir skóla- og frístundastarf. Viðbyggingar er þörf og endurbóta á gamla húsnæðinu til að mæta kröfum um aðgengi fyrir alla, bætt mótuneytisþjónustu, starfsmannarými og húsnæði fyrir frístundastarf svo eitthvað sé nefnt. Fyrir liggur vönduð skýrsla með tillögum að nýrri viðbyggingu auk endurbóta á gamla skólanum og á grundvelli hennar hefur verið ákveðið að efna til sameiginlegrar hönnunarsamkeppni á þessu ári um viðbyggingu við Melaskóla og breytta nýtingu Hagatorgs en Skúli er mikill talsmaður þess að Hagatorg verði nýtt sem fjölnota almenningsgarður í framtíðinni. „Ég brenn í skinninu að sjá Hagatorg breytast úr stærstu umferðareyju á norðurhveli jarðar í aðlaðandi stað fyrir fjölbreytt og gott mannlíf, með leiktækjum og aðstöðu til hreyfingar, listskópunar og útiveru fyrir börn m.a. úr skólum í hverfinu og fólk á öllum aldri og bara fallegum gróðursælum reit til að hvíla lúin bein í dagsins önn.“

## 300 ný leikskólaláss

Skúli segir að þótt margt sé fram undan í málefnum grunnskólans þá sé einnig margt á döfinni í leikskólalássum. Nýr leikskóli hefur tekið til starfa við Eggertsgötu á háskólasvæðinu sem mun þjóna 85 börnum frá 12 mánaða aldri. Ákveðið hefur verið að bjóða út stækkun leikskólans Hagaborgar svo unnt verði að fjölga börnum þar um 30 og er stefnt að því að þau pláss verði tekin í notkun fyrir næstu áramót. Þá sé stækkun Sæborgar einnig á döfinni þar sem reist verði viðbygging sem rúmi tæplega 50 börn til viðbótar því sem nú er. Svo komi nýr 150 barna leikskóli í Skerjafirði væntanlega í notkun um miðjan þennan áratug. „Þetta þýðir að opnuð verði meira en 300 ný leikskólaláss í Vesturbænum á næstu árum. Þörfin eykst stöðugt bæði vegna fjölsfjölgunar og einnig að við erum að taka á móti sífellt yngri börnum og ætlum að byrja að taka á móti fyrstu 12 mánaða börnunum á komandi haustmánuðum, sem er mikil bylting frá því sem verið hefur og mun mæta brýnni þörf foreldra yngstu barnanna í borginni. Með þessu munum við brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla, samhliða því að halda áfram að bæta starfsumhverfi í leikskólunum sem við höfum þegar varið yfir 4 milljörðum króna til á undanförunum fjórum til fimm árum, vinna með ríki og háskólum að því að fjölga leikskólakennurum með vitundarvakningu um samfélagslegt mikilvægi kennarastarfsins auk þess að bjóða lægstu leikskólalagöld í hópi 15 fjölmennustu sveitarfélaga landsins. Við viljum gera enn betur í samstarfi við okkar frábæra starfsfólk og búa betur að starfsfólkinu á komandi árum með bættum starfskjörum og endurbótum á húsnæði og annarri aðstöðu,“ segir Skúli Helgason að lokum.

## FALLEGIR LEGSTEINAR

**ERUM FLUTT**

Eyrartröð 16  
220 Hafnarfirði

Opnum 22. febrúar n.k.  
kl. 11-16

**Bergsteinar**  
legsteinagerð

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði  
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



Netverslun: [systrasamlagid.is](http://systrasamlagid.is)



**Útfararþjónusta**  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | [utfor@utfor.is](mailto:utfor@utfor.is) | [utfor.is](http://utfor.is)

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



# Enn tekist á um Skerjafjarðarbyggðina

- nú er það innviðaráðuneytið sem telur hana geta skert flugöryggi

Enn er tekist á um fyrirhugaða byggð í Skerjafirði. Að þessu sinni er það Innviðaráðuneytið sem gert hefur athugasemdir við byggingaframkvæmdirnar og telur þær skerða öryggi Reykjavíkurflugvallar. Ráðuneytið hefur bent á að hið svokallaða flugvallarsamkomulag sem hand-salað var í nóvember 2019 geri ráð fyrir því að rekstraröryggi Reykjavíkurflugvallar skuli tryggt á meðan nýtt flugvallarstæði í Hvassahrauni sé kannað.

Innviðaráðuneytið hefur því vegna fyrirhugaðra framkvæmda í Skerjafirði tilkynnt borgarstjóra að hverskyns aðgerðir af hálfu borgarinnar sem skerði rekstraröryggi Reykjavíkurflugvallar séu í andstöðu við tveggja ára gamalt flugvallarsamkomulag samgönguráðherra og borgarstjóra vegna Hvassahrauns. Í bréfi ráðuneytisins til borgarstjóra frá því í byrjun mars segir ráðuneytið að það sé engum vafa undirorpið að hverskyns framkvæmdir eða aðrar

aðgerðir af hálfu Reykjavíkurborgar sem skerða rekstraröryggi flugvallarins séu í andstöðu við framangreint samkomulag.

Ráðuneytið hefur óskað eftir því að Reykjavíkurborg upplýsi með hvaða hætti borgin hyggist

tryggja að framkvæmdir á svæðinu hafi hvorki áhrif á flugöryggi né rekstraröryggi vallarins. Þá stöðvi borgin allar slíkar framkvæmdir þar til staðfest sé að öryggi vallarins sé tryggt. Óskaði ráðuneytið eftir svári fyrir 25. mars sem



Fyrirhuguð Skerjafjarðarbyggð og Reykjavíkurflugvöllur.

framlengt var síðan til 5. apríl. Öryggisnefnd Félags íslenskra atvinnuflugmanna hefur komið þeim sjónarmiðum á framfæri við ríki og borg að nýjar húsbýggingar í Skerjafirði gætu ógnað öryggi

flugvéla með ókyrrð og sviptivindum og fékk Isavia hollensku geimferðastofnunina NLR til að gera úttekt á málinu.

## Áfram vinnubúð í Miðborginni




Vinnubúðinni við Austurstræti verður ekki lokað í bráð nema að önnur vinnubúð verði opnuð í Miðborginni.

Þótt ÁTVR hafi gert samninga um leigu á húsnæði í Örfirsey þar sem Íslandsbanki var áður við hliðina á Bónus er ert ráð fyrir því að vinnubúðir verði áfram í Miðborginni og jafnvel við Hlemm. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri hefur átt í viðræðum við ÁTVR að undanförmu en mikil óánægja kom upp þegar ljóst var að eina vinnubúðin í Mið- og Vesturbænum yrði út á Granda.

Þegar ÁTVR auglýsti eftir húsnæði komu nokkrir staðir til greina samkvæmt skilmálum sem birtir voru í auglýsingunni meðal annars um stórt verslunarrými. Umrætt húsnæði á Grandanum kom best út í samræmi við óskir ÁTVR. Á hinn boginn var bent á að engin vinnubúð yrði í göngufæri frá Miðborginni þar sem fjöldi fólks bæði byggji og starfaði. Bent var á aukna bílaumferð vegna þessa og einnig hvers bíllausir ættu að gjalda. Staðaðsetningar vinnubúða ÁTVR hafa ekki alltaf verið í góðu samræmi við íbúðabyggingar og hafa staðsetningar þeirra stundum verið illskyljanlegar og jafnvel mótast af hinni úreltu áfengistefnu að gera aðgengi að þessum vökva sem erfiðasta. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir að áfram verði verslun á vegum ÁTVR í miðborg Reykjavíkur. Vinnubúðinni í Austurstræti verði ekki lokað nema ein til tvær aðrar minni verslanir hafi verið opnaðar í miðbænum.



# Er maginnn í steik?



## Omeprazol Actavis

– Við brjóstsviða og súru bakflæði

20 mg, 14 og 28 stk. – fáanlegt án lyfseðils í næsta apóteki

Magasýrupólin hylki sem innihalda 20 mg af virka efni Omeprazol og eru ætluð fullorðnum til skammtímameðferðar við einkennum bakflæðis (t.d. brjóstsviða og nábit). Gleypið hylkin í heilu lagi með hálfu glasi af vatni með mat eða á fastandi maga. Kyndið ykkur notkunarleiðbeiningar, varnaðarorð og frábendingar áður en lyfið er notað. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is). Markaðsleyfishafi Actavis Group PTC ehf.



# Guðfinnur Sölvi leigir turninn á Lækjartorgi

- þar verða seldar plötur og hann verður líka upplýsinga- og kynningarmiðstöð á íslenskri tónlist



Turninn á Lækjartorgi óupplýstur og lýstur.

Turninn á Lækjartorgi sem er eitt helsta kennileiti miðbæjarinnar verður miðpunktur tónlistar eða hljómturn. Turninn var auglýstur til leigu og hefur tilboði Guðfinns Sölva Karlssonar verið tekið.

Turninn eða öllu heldur hljómturninn verður opinn gestum og gangandi sem geta kíkt við, kynnt sér og verslað íslenska tónlist. Leigutaki mun hafa það að leiðarljósi að gæða miðborgina enn meira lífi. Hljómturninn verður áfangastaður fyrir áhugafólk og unndendur tónlistar, jafnt heimamenn og ferðamenn. Guðfinnur Sölvi ætlar sér að auka lýsingu í turninum og turninn verður málaður að nýju. Hugmyndin er að ljós verða kveikt allan sólarhringinn þannig að það sést inn um gluggana á öllum tímum dagsins, allan ársins hring. Söluturninn á Lækjartorgi var reistur árið 1907 en tíu árum síðar fór hann á flakk og stóð lengst af á horni Kalkofnsvegjar og Hverfisgötu. Árið 1972 eignaðist borgin turninn en það var ekki fyrr en 2010 sem hann fékk aftur sinn sess á Lækjartorgi.

# Lóðum úthlutað í Skerjafirði



Fyrirhuguð byggð í Skerjafirði.

Borgarráð hefur samþykkt að úthluta lóð og byggingarrétti til Félagsstofnunar stúdenta fyrir 110 námsmannabúðir í nýja Skerjafirði fyrir 95 nýjum íbúðum til Bjargs íbúðafélags í sama hverfi.

Nokkur mál er varða fyrsta áfanga í nýja Skerjafirði voru tekin fyrir á fundi borgarráðs. Samþykktar voru heimildir til að bjóða til sölu byggingarrétt fyrir íbúðarhúsnæði, verslunar- og þjónustulóð með bílastæðahúsi fyrir hverfið og svo lóð fyrir verslunarhúsnæði. Einnig var samþykkt að úthluta byggingarrétti fyrir 110 námsmannabúðir á þremur til hæðum á lóð við Otursnes 62. Þá var samþykkt að úthluta lóð og byggingarrétti fyrir 95 íbúðir á tveimur til fimm hæðum í fjórum húsum á lóð við Reginsnes 10.

# Nauðsynlegt að huga að augnheilsu þegar sólin hækkar á lofti

- segir Jonas Eggert Hansen, sjóntækjafraeðingur

Eyesland býður upp á vandaða og framúrskarandi þjónustu þegar kemur að sjónmælingum og ráðgjöf í verslun. Lögd er áhersla á faglega og persónulega þjónustu við val á glerjum, gleraugum og útvistargleraugum. Eyesland er staðsett á Grandagarði 13 í nálægð við Sel-tjarnarnes og Vesturbæ. Einnig er Eyesland verslun staðsett í Glæsibæ á 5.hæð.

Eyesland var stofnuð árið 2010 með það að leiðarljósi að bjóða vandaðar vörur á góðu verði. Viðtökurnar voru góðar og var önnur Eyesland gleraugnaverslun opnuð árið 2016 á Granda. Verslunin dregur útlit sitt og hönnun af nærumhverfi og má sjá skemmtilega tilvísun í nálægð bryggjuhverfi, þar sem falleg lita-palletta og efnisval spila saman.

## Frí sólgler með keyptum gleraugum

Jonas Eggert Hansen, sjóntækjafraeðingur hjá Eyesland á Granda segir nauðsynlegt að huga að augnheilsu þegar sólin fer að láta sjá sig og nú í apríl er sérstakt vortilboð í verslunum Eyesland og vefverslun. Þegar keypt eru gleraugu með styrk þá fylgja frí sólgler með kaupum og einnig er 20% afsláttur ef keypt er umgjörð fyrir sólglerin. Jafnframt er hægt að versla tilboð í gegnum vefverslun [www.eyesland.is](http://www.eyesland.is).

## Gleraugu fyrir alla fjölskylduna á góðu verði

„Vöruframboðið hjá okkur er breitt og bjóðum við upp á gleraugu fyrir alla fjölskylduna á góðu verði“ segir Jonas. Hjá Eyesland má sjá gleraugu frá Komono, Gigi Studios, Max&Co, Ray Ban, Neubau, Gant og margt fleira. Jonas hefur 20 ára reynslu í faginu sem sjóntækjafraeðingur og hefur starfað bæði í Danmörku og hérlendis.

## Sjónmælingar og linsukennsla

Hægt er panta sjónmælingu með skömmum fyrirvara á vefsíðu



Jonas Eggert Hansen, sjóntækjafraeðingur í Eyesland.

Eyesland eða hafa samband við Eyesland verslanir. Jonas segir frá því að augnlinsur séu mjög vinsælar og hægt sé að bóka tíma í linsukennslu og mátun. „Linsukennsla er mikilvæg til að fá leiðbeiningar um notkun og umhirðu á linsum, einnig fær viðskiptavinur prufulinsur til að sjá hvaða linsutegund hentar best“ segir Jonas. Vinsælustu linsurnar eru sílikon linsur og rakamiklar linsur. „Við bjóðum upp á mikið úrval af vönduðum linsum frá m.a. Alcon, Bausch&Lomb og Johnson&Johnson“ segir Jonas og bætir við að hægt sé að skrá sig í áskrift á linsum í vefverslun Eyesland. „Góður og jafnframt hagstæður kostur fyrir þá sem nota linsur reglulega“ segir Jonas og bætir við að frí heimsending sé innifalinn í áskriftinni og einnig fái áskrifendur fría augnskoðun árlega.

## Gleraugu fyrir útvistina

Áhugi á útvistargleraugum hefur aukist töluvert síðastliðin ár og vitund fyrir mikilvægi þess að huga að öryggi augnanna. Eyesland býður upp á vönduð útvistargleraugu sem verja augun fyrir sól og vindi. „Við erum með

**Poc gleraugun hafa verið mjög vinsæl fyrir hjólasportið og fjallgöngurnar.**

mikið úrval frá Poc, Rudy Project, Adidas, Bolle, Oakley og fleiri“ segir Jonas og bætir við að Poc gleraugun hafi verið mjög vinsæl fyrir hjólasportið og fjallgöngurnar. Eyesland býður upp á fyrsta flokks þjónustu og ráðgjöf þegar kemur að sjónglerjum fyrir útvistina. „Við erum með vönduð íþróttasjóngler sem gefa ákaflega skarpa sýn við hin ýmsu veður- og birtuskilyrði“ segir hann og bætir við að gott sé að líta við í verslun Eyesland á Granda til að fá ráðgjöf við val á sjónglerjum í útvistargleraugu.

Verslun Eyesland á Grandagarði er opin alla virka daga frá 10:00 – 18:00 og einnig á laugardögum frá 11:00 – 16:00.

# Ellefu framboðslistar samþykktir

Í borgarstjórnarkosningunum sem fara 14. maí næstkomandi munu kjósendur geta valið á milli ellefu lista.

Færri framboðs komu nú fram en í kosningunum 2018 þegar þeir voru 16. Tveir nýir listar bjóða nú fram. Það eru E-listi Reykjavíkur, bestu borgarinnar og Y-listi Ábyrgrar framtíðar. Oddvitar þeirra eru Gunnar H. Gunnarsson fyrir E-lista og Jóhannes Loftsson fyrir Y-lista. Framboðslistarnir eru: B-listi Framsóknarflokksins, C-listi Viðreisnar, D-listi Sjálfstæðisflokksins, E-listi Reykjavíkur, bestu borgarinnar, F-listi Flokks fólksins, J-listi Sósíalístaflakks Íslands, M-listi Miðflokksins, P-listi Pírata, S-listi Samfylkingarinnar, V-listi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs og Y-listi Ábyrgrar framtíðar.



Ellefu framboð vilja í þetta hús eftir kosningar.





# NAGLADEKKIN ERU SLÍTANDI

Eftir 15. apríl er óheimilt að aka á nagladekkjum.

**SUMARIÐ ER Á NÆSTA LEITI**





## Aftur sungið saman í Vesturbæjarskóla



Sungið saman í Vesturbæjarskóla.

Nemendur í fyrsta til sjöunda bekk Vesturbæjarskóla mættu í samsöng í fyrsta skipti frá því að heimsfaraldurinn vegna korónaveirunnar byrjaði.

Virkilega var gaman að geta sungið aftur saman og Vignir tónmenntakennari ætlaði aldrei að geta hætt að spila því það var svo mikið fjör.

## Landakotsskóli í frönsku-keppni grunnskólanna

Afhending verðlauna í frönsku-keppni grunnskólanna fór nýlega fram. Keppnin er skipulögð af félagi frönskukennara á Íslandi og Landakotsskóli tekur nú árlega þátt í henni.

Allskonar viðburðir eru í gangi og einn af þeim er frönskukeppni grunn- og framhaldsskólanema. Þemað í ár var "un chef de cuisine à la télévision" eða kokkur í sjónvarpinu. Nemendur útbjuggu myndband um uppskrift français bien sûr eða auðvitað franska. Dómnefnd skipuðu Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir ritstjóri Gestgjafans, Renaud Durville frá franska sendiráðinu og Adelins D'Hont framkvæmdastjóri Alliance Française. Verðlaun hlaut Iðunn Helgadóttir í 9. bekk fyrir myndbandið sitt Pâtisserie avec Iðunn eða sætabrauð Iðunnar.

Verðlaun hlutu einnig Chisom Osuala, Katrín Jónsdóttir, Kristín



Verðlaunahafar í frönskukeppni grunnskólanema.

Björg Skúladóttir, Kristján Árni Ingólfsson, Vésteinn Viktorsson og Þorvaldur Wilhelm Sigurjónsson.

## Landakotsskóli með þrjár skáksveitir



Setið að tafla á Íslandsmóti barnaskóla og grunnskólasveita.

Landakotsskóli sendi þrjár sveitir til leiks á Íslandsmót barnaskóla- og grunnskólasveita helgina 12. til 13. mars síðastliðinn. Skólinn sendi eina sveit til leiks í flokki 4. til 7. bekkjar og tvær sveitir í flokki 8. til 10. bekkjar. Yngri nemendum bauðst að tefla einnig í eldri flokkunum. A-sveit Landakotsskóla í 8. til 10. bekk hafði titil að verja en hafði ekki erindi sem erfiði þetta skiptið og lenti í 3. sæti eftir frækna baráttu.

Snemma varð ljóst að baráttan var á milli Landakotsskóla, Lindaskóla og Vatnsendaskóla. Þessir skólar voru í algjörum sérflokk og einungis munaði hálfum vinningi á sigurlíði Vatnsendaskóla og næstu tveimur skólum. Nemendur Landakotsskóla hafa sótt æfingar hjá Taflfélagi Reykjavíkur og Skákskóla Íslands og tekið virkan þátt í skákmótahaldi innanlands og jafnvel erlendis líka.

## Vortónleikar í Grandaskóla

Barnakór Grandaskóla hélt vortónleika í miðrymi skólans þann 1. apríl síðastliðinn.

Hljómsveit kórsins með nemendum úr 6. bekk og bassaleikara úr 7. bekk tóku þátt í þremur lögum. Fram komu ýmsir einsöngvarar og rappari við

góðar viðtökur hlustenda. Þetta eru fyrstu tónleikar barnakóranna en næst á dagskrá er undirbúningur fyrir sumartónleikana. Stjórnandi er Elín Halldórsdóttir tónmenntakennari



Frá vortónleikunum í Grandaskóla.

## Enginn bíll á nöglum eftir 15. apríl

Nagladekk eru ekki leyfileg á götum borgarinnar eftir 15. apríl.

Hlutfall negldra dekkja var talið í Reykjavík í mars 2022. Hlutfallið skiptist þannig að 40% ökutækja var á negldum dekkjum og 60% var á öðrum dekkjum.

Hlutfall negldra dekkja er lægra en á sama tíma í fyrra og árið 2020. Hlutfallið fer því lakkandi en betur má ef duga skal, því góð vetrardekk duga oftast betur en naglar í Reykjavík. Auk þess eru slæm áhrif nagladekkja á loftgæði og gatnaslit staðreynd.

Nagladekk eru ráðandi þáttur í svifryksmengun á höfuðborgarsvæðinu. „Bíll á nöglum mengar allt að 40 sinnum meira en bíll sem ekki er á nöglum," sagði Þorsteinn Jóhannsson sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun í fyrirlestri í mars og: „Það er sinnum, ekki 40 prósent meira heldur 2000 prósent meira."



Burt með naglana

Staðreyndin er að nagladekk auka kostnað á viðhaldi gatna í Reykjavík með því að slíta malbik margfalt hraðar en önnur dekk, þau auka eldsneytiskostnað bifreiða, valda óþarfa hávaða og draga úr loftgæðum með mengun. Af þeim sökum er mikilvægt að draga úr hlutfalli þeirra.

Mjög mikilvægt er að skipta um dekk núna og fara yfir á góð sumardekk, það sparar líka eldsneyti.

Vesturbæjarblaðið

www.borgarblod.is



Laugarnar í Reykjavík

# Fyrir líkama og sál

sýnum hvert öðru tillitssemi



## NJÓTTU VORS OG SUMARS



**Drekktu í þig lífsorkuna.**  
Lítrikir og hollir drykkir og allskonar góðgæti af bestu gæðum.



**Ein létt fyrir sumarið?**  
3 mm Asanas korkjógadýna er frábær ferðafélagi.



**Fjölvitaminblöndur. Allar með jöði**  
Almenn, fyrir heila, fyrir grænkeru og fyrir íþróttafólk.  
Viridian er alltaf framúrskarandi virkt og hreint.

**Bættu við eigin steini/kristal**  
Töfrandi vatnsflöskur með kristöllum.  
Bættu þínum eigin við úr íslenskri náttúru.



Afgreiðslutími:  
Mán: 11-16  
Þri-fös: 11-18  
Lau: 11-16

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK  
systrasamlagid.is  
@systrasamlagid  
Sími: 511 6367

Kæru íbúar í Vesturbæ

## Gleðilegt Sumar

Með von um að það verði ykkur öllum heillaríkt og gott.  
Hljáar sumarkveðjur

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar Miðborgar og Hlíða



## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

www.utfarin.is ♦ Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892  
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason  
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR  
www.utfararstofa.is ♦ Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



# Setjum fólkið í fyrsta sæti í borginni

- fólkið fyrst – svo allt hitt segir Kolbrún Baldursdóttir, oddviti Flokks fólksins í Reykjavík

Hinn 14. maí nk. verður kosið til borgarstjórnar í Reykjavík. Með mér á lista Flokks fólksins er úrvalsfolk, þau Helga Þórðardóttir, kennari, Einar Sveinbjörn Guðmundsson, kerfisfræðingur, Natalie Gunnardóttir, háskólanemi og stuðningsfulltrúi, og Rúnar Sigurjónsson, vélfræðingur.



Kolbrún Baldursdóttir.

## Útrýmum biðlistum

Í Reykjavík á engin að líða skort. Flokkur fólksins hefur beitt sér af krafti í þágu þeirra sem minnst mega sín: öryrkja, aldraðra og barnafjölskyldna. Langir biðlistar skólabarna eftir allri þjónustu í Reykjavík eru ótækir en nú bíða um 1900 börn m.a. eftir skólasálfræðingum og talmeinafræðingum. Við viljum eyða þessum biðlistum og tryggja öllum börnum aðgengi að tómsundastarfi og íþróttum án tillits til efnahags foreldra. Á hverju ári er rennt blint í sjóinn með fjölda leikskólalássa. Erfitt hefur einnig reynst að fullmanna leikskóla í Reykjavík. Lausn þessa alvarlega vanda verður að vera í forgangi.

## Sýnum skynsemi í húsnæðismálum

Flokkur fólksins vill taka á hinum alvarlega skorti á húsnæði af öllum gerðum í Reykjavík fyrir alla aldursþóp. Húsnæðisskorturinn bitnar sífellt harkalegar á almenningi, sérstaklega efnaminnna fólki og veldur aukinni verðbólgu. Flokkur fólksins styður þéttingu byggðar í grónum hverfum þar sem möguleiki er á stækkun innviða. Ómarkviss þéttingarstefna meirihlutans hefur hins vegar leitt til þess að í mörgum hverfum eru innviðir sprungnir. Sumir þéttingarreitir eru orðnir að skuggabyggð. Tökum tillit til birtuskilyrða við byggingu nýrra íbúða og vörnum gegn hávaða sem skipta miklu fyrir svefn og líðan í búa.

U.þ.b. 600 manns eru á biðlista eftir félagslegu húsnæði og á annað hundrað eftir sértæku húsnæði fyrir fatlað fólk. Útrýma þarf húsnæðisskorti aldraðra. Til þess að aldraðir geti búið eins lengi heima og þeir vilja, þarf að tryggja þeim fullnægjandi heimaþjónustu.

## Aukum fjölbreytni í samgöngum

Flokkur fólksins styður uppbyggingu á fjölbreyttum samgönguleiðum og vill að hjólreiðarbrautir verði fullgildur samgöngukostur. Víða þarf að bæta hjólreiðabrautir til að tryggja öryggi vegfarenda. Almenningsamgöngur eiga að vera góður valkostur og enginn ætti að vera útilokaður frá þeirri þjónustu vegna slæmrar fjárhagsstöðu. Flokkur fólksins vill að frítt sé í strætó fyrir öryrkja og aldraða. Eldri en 67 ára fá nú helmingsafslátt ef þeir kaupa árskort sem nýlega hækkaði um 60%. Nýja greiðsluferfið Klapp, sem er rafræn lausn, hefur reynst þessum hópum erfiður ljár í þúfu.

## Verndum lífríkið

Fjörur í Reykjavík hafa verið skemmdar til að þetta byggð. Flokkur fólksins vill standa vörð um græn svæði borgarinnar og varðveita þær fáu fjörur sem eftir eru. Við viljum jafnframt auka skógrækt til að kolefnisjafna höfuðborgarsvæðið. Á kjörtímabilinu hefur Flokkur fólksins í borgarstjórn margoft minnst á metanið sem framleitt er í stórum stíl hjá SORPU en ekki nýtt heldur brennt á báli. Eðlilegt væri að flestir vagnar Strætó verði metanvagnar enda eru bæði Strætó og SORPA í meirihlutaeigu borgarinnar.

## Förum betur með peninga borgarbúa

Síðast en ekki síst þarf aga í rekstri borgarinnar. Margar fjárfestingar eru óhagkvæmar og staðið er í samkeppnisrekstri utan verkahring borgarinnar. Mörg kostnaðarsöm mistök hafa verið gerð í fjárfrekum framkvæmdum og útboðum. Það er grundvallarkrafa að sýna ráðdeild í rekstri borgarinnar – að nota skattfé Reykvíkinga samviskusamlega til að bæta þjónustu í stað þess að bruðla með peninga fólks.

Flokkur fólksins berst fyrir bættri þjónustu við borgarbúa. Verkin tala sínu máli og við vonumst til að vera metin að verðleikum í komandi kosningum.

Sjá má framlögð mál Flokks fólksins í borgarstjórn á vefsíðunni [www.kolbrunbaldurs.is](http://www.kolbrunbaldurs.is)

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar [www.help.is](http://www.help.is)



Líður þér illa í hjartanu?

1717

opinn - trúnaður - ókeypis + Raubi kross Íslands

# Kæru vegna smáhýsis í Grjótaþorpi hafnað

Úrskurðarnefnd hefur hafnað kæru íbúa í Grjótaþorpinu í Reykjavík vegna umdeilds smáhýsis sem hefur verið komið fyrir á lóðinni Garðastræti 11a. Þar stendur húsið Háakot sem er friðað. Íbúarnir töldu smáhýsið stríða gegn hverfisvernd Grjótaþorps en eigendur Háakots töldu sig hafa verið fegra umhverfi þess.

Íbúarnir sögðu í kæru sinni að smáhýsið gengi gegn anda skipulagslaga. Jarðrask hefði átt sér stað undir skúrnum þar sem hugsanlega væri að finna fornminjar frá upphafi landnáms. Ekki hefði verið sótt um leyfi fyrir skúrnum fyrr en eftir á og þeim hrjósi hugur við skúravæðingu framtíðarinnar. Skúrinn minni á skipagám, beri næsta nágrenni sitt ofurlíði og hleypi heillegri götumynd Grjótaþorps í uppnám. Eigendur Garðastrætis 11a sögðust hafa talið að þau væru að fegra umhverfi Grjótaþorps með flutningi smáhýsisins í þorpið. Það væri hugararmiði og handverk akureysks listamanns og föður eins eiganda lóðarinnar.

Form, byggingarefni, handverk,



Sverri Guðjónssyni söngvara og Oddi Björnssyni rithöfundu leist ekki á að hafa smáhýsið í Grjótaþorpinu.

áferð og litir garðhýsisins ættu lítið sameiginlegt með skipagámum og smekksatriði væri hvort það bæri næsta nágrenni sitt ofurlíði. Úrskurðarnefndin benti á að að samþykkið sem

skrifstofa rekstrar og umhirðu borgarlandsins veitti fyrir smáhýsinu sé einkaréttarlegs eðlis. Það teljist því ekki vera stjórnvaldsákvörðun sem hægt sé að kæra til úrskurðarnefndarinnar.

Foreldrar verum samtaka



## Útivistarreglurnar

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannaferi utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskuljóðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



Samstarfshópur um forvarni

SAMAN



Ríkislögreglustjórnin



# Unnu níu titla á Íslandsmóti unglunga



Stoltir verðlaunahafar frá Borðtennisdeild KR.

KR vann níu titla af 17 á Íslandsmóti unglunga í borðtennis, sem fram fór í KR-heimilinu við Frostaskjól 19.-20. mars. Borðtennisdeildir BH og KR héldu mótið í sameiningu.

Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir og Kristjana Áslaug Thors urðu þrefaldir meistara á mótinu. Tómas

Hinrik Holloway vann tvo titla. Aðrir Íslandsmeistarar KR voru Helena Árnadóttir, Lúkas André Ólason, Natallía Marcínikova, Steinar Andrason og Þuríður Þóll Bjarnadóttir.

Auk þess voru fjölmargir KR-ingar meðal annara verðlaunahafa.

# Guðbjörg Vala sigraði á Regionscup

Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir sigraði í tátuflokki á Regionscup í Osló. Hún var ein sex KR-inga í unglingslandslíðshópi sem lék á mótinu helgina 2.-3. apríl. Þau kepptu öll í nokkrum flokkum og unnu öll nokkra leiki.

Auk sigurs í flokknum Jenter 11 varð Guðbjörg Vala í 3. til 4. sæti í flokknum Jenter 12, og í 9.-16 sæti í flokknum Gutter 14B.

Helena Árnadóttir varð í 3. sæti í flokknum Jenter 11 og í 3. til 4. sæti í flokknum Jenter 12.

Kristín Ingibjörg Magnúsdóttir varð í 3. sæti í flokki Damer A, í 4. sæti í Damer Elite og í 9.-16. sæti í Herrer E.

Magnús Holloway hafnaði í 9. til 16. sæti í flokknum Gutter 14A og í 9.-16. sæti í flokknum Jenter/gutter 15B.

Steinar Andrason varð í 5. til 8. sæti í Herrer D og í 5.-8. sæti í Herrer eldri junior flokki.



KR-stelpur á verðlaunapalli í Osló.

Mynd: Tómas Ingi Shelton.

Tómas Holloway varð í 3. til 8. sæti í Jenter/Gutter 13A og í 4. sæti í flokki Gutter 12, í 5. til 9.-16. sæti í Jenter/Gutter 15B.

# Liðsstyrkur til KR frá Ástralíu



Margaux Chauvet og Susan Phonsongkham ganga til liðs við KR.

Kvennalið KR í knattspyrnu fær góðan liðsstyrkt í sumar þegar þær Margaux Chauvet og Susan Phonsongkham ganga til liðs við liðið. Þær koma báðar frá Sydney í Ástralíu og hafa verið í æfingahóp framtíðarlandslíðskvenna ástralska landsliðsins. Þá eiga þær báðar leiki með yngri landsliðum Ástralíu.

Margaux sem ættuð er frá Frakklandi er öflugur varnarmaður sem getur bæði spilað sem hafsent eða afturliggjandi miðjumaður. Hún kemur til KR frá Western Sydney Wanderers þar sem hún átti frábært tímabil í vetur.

Susan er sóknarsinnaður miðjumaður og kemur til KR frá Perth Glory hvar hún lék við góðan orðstýr.

Þær eru mjög spenntar að koma til Íslands að spila og líta á það sem næsta skref í að tryggja sig inn í Ástralska landsliðið, eins og forverar þeirra í KR 2020 og 2021, Aideen og Angela gerðu eftir að hafa spilað hér á landi.

# Meistaraflokkur karla fær liðsstyrk

Pontus Lindgren hefur gert tveggja ára samning við KR.

Pontus kemur frá IF Sylvia, sem er vensla lið IFK Norrköping. Hann fór með Mfl karla til Spánar þar sem hann var á leikreynslu í viku tíma, þar náði hann athygli Rúnars Þjálfara sem leyst vel á. Það var því gengið frá tveggja ára samning við hann á dögunum.



**FYRIRTAÐ**  
málningarþjónusta

TRAUST  
OG  
ÁBYRG  
ÞJÓNUSTA

www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK  
OG ALLT ÞAR Á MILLI



LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

**Gómsæti í göngufæri**





# Frí sólgler

fylgja með kaupum á gleraugum!